

**Sþ. 381. Tillaga til þingsályktunar [192. mál]**  
um heilsuræktar- og útivistarmiðstöð á Norðurlandi.

Flm.: Heimir Hannesson, Ingvar Gislason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því að koma á fót heilsuræktar- og útivistarmiðstöð á Norðurlandi. Haft verði náið samráð við landshlutasamtök norðlendinga og bæjar- og sveitarfélög á Norðurlandi.

Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að kanna hið fyrsta leiðir til að afla fjármagns til nauðsynlegra framkvæmda samhliða sérfræðilegri athugun málsins.

**Greinargerð.**

Samhliða vaxandi önnum hins daglega lífs og hraða og streitu nútímalífsins hefur sífellt aukist skilningur héraðs sem erlendis á nauðsyn þess, að sem flestir geti átt þess kost að njóta hvíldar og heilsuræktar. Á þetta jafnt við um þá sem vilja viðhalda fullri heilsu með líkamsrækt og ýmiss konar útivist þar sem slík aðstaða er fyrir hendi, en ekki síður þá sem þarfnast endurhæfingar og heilsuþóttar. Brýna nauðsyn ber til, að á hverjum tíma sé fyrir hendi næg og fullkomin aðstaða í báðum þessum tilvikum. Í hinu fyrra tilviki er um fyrirbyggjandi starfsemi að ræða, sem reynst getur hin mikilvægasta fyrir hvert þjóðfélag og alla einstaklinga þess, en í hinu síðara er um það að ræða, að fullkomin aðstaða sé fyrir þá sem ekki þurfa beinlínis á sjúkrahúsvist að halda, en þurfa að geta haft aðgang að margvíslegri heilsuræktar- og útivistaraðstöðu í endurhæfingarskyni eftir heilsufarsleg áföll í einhverri mynd. Í báðum tilvikum gæti slík aðstaða tengst ýmiss konar ferðaþjónustu beint og óbeint fyrir innlenda og erlenda ferðamenn, þó að hún þurfi ekki að gera það, og ræðst nokkuð af því hversu viðtæk og alhliða slík aðstaða yrði, sbr. það sem segir síðar í greinargerð þessari.

Hér á landi er mjög brýn þörf á stóruáttum átökum í þessum málum. Alkunna er, að aðstaða sú, er áhugamannasamtök hafa komið á fót í Hveragerði og Reykjalundi, annar engan veginn vaxandi eftirspurn og af ýmsum ástæðum, ekki sist vegna fjárskorts, skortir enn mjög á að þar sé jafnfullkomin aðstaða fyrir hendi og þyrfti að vera miðað við þarfir og kröfur tímans, þrátt fyrir mikinn vilja og áhuga forráðamanna þessara stofnana. Á takmarkaðan hátt hefur verið bætt úr þessari þörf á höfuðborgarsvæðinu með fjölgandi heilsuræktarstofum í smáum stíl, en þar er ekki um samræmdar aðgerðir að ræða og þjónar sú virðingarverða starfsemi fyrst og fremst íbúum höfuðborgarinnar eins og eðlilegt er.

Samkvæmt því, sem að framan segir, er því hvergi umtalsverð heilsuræktar- aðstaða utan höfuðborgarsvæðisins. En í nokkur ár hefur að því verið unnið af félagsdeildum Náttúrulækningafélags Íslands á Akureyri með nokkrum stuðningi

heildarsamtakanna að koma á fót heilsuhæli fyrir Norðurland við Akureyri og hefur þessari starfsemi nýlega verið úthlutað lóð við Skjaldarvík skammt fyrir norðan Akureyri. Þrátt fyrir ríkan áhuga og ötula fjársöfnun þessa litla, en ötula áhugamannahóps er þessi framkvæmd mjög skammt á veg komin, en fyrirhugað er að verklegar framkvæmdir við heilsuhælið hefjist á þessu ári.

Að undanförunu hafa erlendir sérfræðingar á vegum Sameinuðu þjóðanna og opinberra aðila unnið að þróunaráætlun um ferðamál á Íslandi, og voru eftirtalin þróunarsvið valin af ríkisstjórn Íslands til sérstakrar athugunar skv. skýrslu þessara sérfræðinga útg. í ágúst 1973 af samgönguráðuneytinu:

Skíðasvæði.

Vötn, ár og sjór til fiskveiða.

Ráðstefnu- og fundaaðstaða.

Jarðhiti til heilsuræktar.

Í skýrslu þessari og öðrum skýringum hinna erlendu sérfræðinga var lögð áhersla á þá stefnumörkun, að öll hugsanleg fjárfesting í sambandi við ofangreind þróunarsvið yrði við það miðuð, að þær þjónuðu ekki síður íslendingum sjálfum um leið og þær styrktu stoðir innlendrar ferðaþjónustu. Ekki síst með þetta að leiðarljósi sameina þeir í einni framkvæmd tvö ofangreind þróunarsvið sem reifuð eru í fyrrnefndri skýrslu ráðuneytisins. Þar er reifuð allitarlega hugmynd sérfræðinganna um „ferðamannamiðstöð“, sem svo er nefnd, er „tengdi Ísland við náttúruauðlindir sínar“, og þar sem fram gæti farið margvísleg starfsemi, m. a. „í einangruðu samfélagi yfirbyggðra garða og húsa, sem byggðust á nýtingu jarðhita“. Í slíkri miðstöð er gert ráð fyrir „aðstöðu fyrir fólk, sem áhuga hefur fyrir einum eða öllum þáttum starfseminnar, skíðaiðkunum, fiskveiðum, ráðstefnum eða heilsurækt“. Reksturinn byggðist á því, að heilsuræktaraðstaðan sé rekin allt árið, íslendingar noti skíðaaðstöðuna að vetrinum, ráðstefnur séu vor og haust og almennir ferðamenn, væntanlega innlendir sem erlendir, yfir sumarmánuðina. Ekki er gerð nein endanleg tillaga um staðarval, en í þessari greinargerð reifuð hugmynd um staðarval við Botnssúlur, sem skv. síðari reifun málsins hefur flust að Kleifarvatni, m. a. vegna nábylissins við Reykjavík og Keflavík.

Þó að flm. séu ósamhála hinum lauslegu hugmyndum hinna erlendu sérfræðinga um staðarval, enda ekki um neina endanlega tillögu þeirra að ræða, auk þess sem endanlegar ákvarðanir eru að sjálfsgöðu í höndum íslendinga sjálfra, telja flm., að hér sé hreyft athyglisverðum hugmyndum, sem kanna þurfi nánar. Það er skoðun flm., að bæði frá sjónarmiði byggðastefnu og að ýmsu leyti af hagkvæmniástæðum, m. a. vegna hinnar brýnu þarfar á heilsuræktaraðstöðu utan þéttbýlissvæðisins á Suðvesturlandi, þurfi að kanna vandlega, hvort ekki sé grundvöllur fyrir því að koma á fót heilsuræktar- og útivistaraðstöðu á Norðurlandi, sem í senn bætti úr mjög brýnni þörf fyrir norðlendinga og raunar landsmenn alla í vaxandi mæli með þéttum samgöngum, auk þess sem slík framkvæmd gæti verið mikilvægur liður í framtíðarþróun íslenskra ferðamála, sem hvort tveggja í senn þjónaði íslendingum sjálfum og þeim gestum erlendum er sækja vilja landið heim af ýmsum ástæðum.

Ekki eru að þessu sinni gerðar neinar endanlegar tillögur um staðarval á Norðurlandi, enda er það skoðun flm. að áður en slík ákvörðun væri tekin þyrfti að fara fram sérfræðileg athugun á aðstæðum á þeim stöðum, er helst koma til greina. Þó virðist við fyrstu sýn að á Akureyri eða í nágrenni Akureyrar séu fyrir hendi mörg þau skilyrði, er uppfylla þarf, og aðstaða að mörgu leyti hin ákjósanlegasta. Má í þessu sambandi minna á, sbr. það sem að framan er sagt, að Náttúru-lækningafélag Akureyrar, sem er deild í landssamtökum N.L.F.Í., vinnur nú að því að koma upp heilsuhælisbyggingu í landi Akureyrarbæjar að Skjaldarvík og samningar þegar gerðir um ýmis réttindi þar að lútandi, m. a. samningar á lokastigi um hitavatnsréttindi. Fjármagn er enn mjög af skornum skammti og því víst að